

6. fundar Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, haldinn í fjarfundi kl 15.00, þriðudaginn 13. ágúst 2024

Mætt voru Lilja Magnúsdóttir, formaður, Arinbjörn Bernharðsson, Ástrós Þóra Valsdóttir, Bragi Þór Thoroddsen, Finnur Ólafsson, Matthías Lýðsson og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir. Eins voru mættir nýir fulltrúar í nefndinni þau Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, Bolungarvíkurkaupstað og Tryggvi B Bjarnason, Vesturbyggð.

Forföll boðuðu, Anna Vilborg Rúnarsdóttir, Arnlín Óladóttir, Árný Huld Haraldsdóttir, Baldur Smári Einarsson, Eva Sigurbjörnsdóttir, Guðlaugur Jónsson, Jón Árnason, Kristján Þór Kristjánsson og Vilbergur Þránínsson.

Í stað fulltrúa Reykhólahrepps situr Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri Reykhólahrepps sem áheyrnarfulltrúi.

Auk þeirra sátu starfsmenn fundinn, annarsvegar frá Vestfjarðastofu Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðapróunar sem ritaði einnig fundargerð og Hjörleifur Valsson, verkefnastjóri. Hinsvegar Hrafnkell Proppé, skipulagsráðgjafi Urbana ehf, Hlynur Torfason skipulagssérfræðingur, VSÓ ráðgjöf og Herdís Sigurgrímsdóttir, sérfræðingur, VSÓ ráðgjöf.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir;

1. Lýsing svæðisskipulags Vestfjarða 2050: Umsagnir og tillaga að flokkun umsagna og viðbrögðum við þeim.
2. Frumdrög svæðisskipulags: Framtíðarmyndir, skilaboð opinna funda.
3. Næstu skref; vinnslutillaga, vinnuvefsjá ofl.
4. Önnur mál

Formaður setti fundinn og kannaði hvort athugasemdir væru við boðaða dagskrá og við fundarboðun, engar athugasemdir komu fram.

En áður var gengið til dagskrár kynnti formaður breytingar á skipan fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd.

Vesturbyggð; við sameiningu sveitarfélaganna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar í maí s.l., fækkar um tvo fulltrúa í nefndinni og hið nýja sveitarfélag, Vesturbyggð hefur í dag 13. ágúst 2024 skipað þau Lilju Magnúsdóttur og Tryggva B Bjarnason sem fulltrúa sveitarfélagsins í nefndinni.

Bolungarvíkurkaupstaður; Baldur Smári Einarsson hætti í bæjarstjórn um síðustu áramót og í dag 13. ágúst 2024 mun bæjarráð staðfesta skipan Guðbjörgu Stefaníu Hafþórsdóttur í hans stað sem fulltrúa í nefndinni.

Strandabyggð; Jón Sigmundsson, hætti í sveitarstjórn nú í sumar, en sveitarstjórn mun tilkynna síðar hver verður skipaður í hans stað.

Formaður óskaði eftir afstöðu nefndarinnar hvort kjósa að nýju um áframhaldandi stöðu formanns, vegna nýrrar skipunnar hennar að hálfu hins nýja sveitarfélags. Hún lýsti sig tilbúna sitja áfram sem formaður en óskaði eftir öðrum tillögum. Engar tillögur komu fram og tillaga um skipan Lilju Magnúsdóttur, sem formanns nefndarinnar, samþykkt samhljóða.

Formaður þakkaði traustið og þakkaði þeim Jóni Árnasyni, Önnu Vilborgu Rúnarsdóttur, Baldri Smára Einarssyni og Jóni Sigmundssyni þeirra störf í svæðisskipulagsnefnd og bauð nýja fulltrúa velkomna til starfa.

Nú var gengið til dagskrár

1. Lýsing svæðisskipulags Vestfjarða 2050.

Lýsing svæðisskipulags var lögð fram í Skipulagsgátt þann 21. maí 2024, sem mál nr 0603/2024 Lýsing (Nýtt svæðisskipulag). Frestur til að skila umsögnum var settur til 28. júní 2024 og síðan framlengdur til 12 júlí 2024.

Formaður gaf Hrafnkeli og Hlyni orðið.

Kynnt var að alls hefðu borist 19 umsagnir og tekið hefur verið saman vinnuskjal með yfirlit um umsagnir og tillaga að flokkun umsagna og viðbrögðum við þeim. Farið yfir efni vinnuskjals.

Til máls tóku; Bragi, Lilja, Hjörleifur, Finnur,

Formaður gerði tillögu;

Unnið verði úr efni umsagna fram að næsta fundi nefndarinnar og gerð verði stutt samantekt um efni umsagna og það kynnt umsagnaraðilum þegar drög að vinnslutillögu liggi fyrir.

Tillagan borinn upp og samþykkt samhljóða.

2. Frumdrög svæðisskipulags: Framtíðarmyndir, skilaboð opinna funda.

Formaður gaf Hrafnkeli og Herdísí orðið. Vísað til fjögurra íbúafunda sem haldnir voru í lok maí s.l. þar sem kynnt var lýsing svæðisskipulags og unnið með hugmyndir að framtíðarmyndir af þróun fólksfjölda á Vestfjörðum með hliðsjón af hlutfalli af íbúapróun landsmanna í heild. Settar voru fram spurningar til fundargesta um líklega þróun og síðan hver væri óskastaða og hvernig sú framtíðarmynd myndi birtast.

Herdís. kynnti greiningu (vinnuskjal) á lýðfræðilegri þróun á jaðarsvæðum á Norðurlöndum í samanburði við Vestfirði. Efni þetta verði nýtt við vinnu við drög að vinnslutillögu og val á framtíðarmyndum til vinnslu nefndarinnar.

Matthías vék af fundi.

Til máls tóku; Lilja, Finnur, Aðalsteinn, Guðbjörg

Guðbjörg og Ástrós véku af fundi.

Til máls tóku síðan; Tryggvi, Hjörleifur, Ingibjörg Birna, Bragi

Arinbjörn vék af fundi.

3. Næstu skref; vinnslutillaga, vinnuvefsjá ofl.

Formaður gaf Hrafnkatli orðið.

Hann fór yfir verkefnisáætlunina sem miðar að því að vinnslutillaga liggi fyrir næsta vor. Á grunni verkefnaáætlunar verður nú gert skema með röðun funda og efni þeirra hverju sinni sem lagt verður fyrir næsta fund nefndarinnar. Hrafnkell greindi einnig frá að vinnuvefsjá svæðisskipulagsins væri í smíðum til stuðnings fyrir vinnu nefndarmanna.

4. Önnur mál

Aðalsteinn kynnti að haldinn var fundur með Dalabyggð þann 28. júní s.l.. Efni fundarins byggði á samþykkt 5. fundar svæðisskipulagsnefndar varðandi skörun Svæðisskipulags Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar við gerð Svæðisskipulags Vestfjarða,. Fundinn sátu að hálfu Dalabyggðar, sveitarstjóri, formaður umhverfis og skipulagsnefndar og skipulagfulltrúi sveitarfélagsins og Aðalsteinn fyrir hönd svæðisskipulagsnefndar. Kynnt var efni samþykktar svæðisskipulagsnefndar og ákveðið að taka málið upp að nýju í ágúst.

Til máls tóku Hlynur, Hrafnkell og Lilja.

Formaður lagði til að fresta umræðu að þessu sinni, en taka upp að nýju þegar forsendur í drögum að vinnslutillögu liggja betur fyrir.

Formaður gerði tillögu um boðun næsta fundar, mánudaginn 9. September n.k. kl 13.00 til 15.00. Tillagan samþykkt.

Formaður kynnti að stefnt yrði einnig á fund nefndarinnar í aðdraganda Fjórðungspings 18. og 19. okt n.k. á Hótel Laugarhóli, Bjarnarfirði. Óskaði hún eftir tillögu frá starfsmanni nefndarinnar um skipulag fundarins.

Fleira gert og fundi slitði kl 16.30.